



Starfsáætlun Leikskólans Uglukletts 2020-2021





Leikskólinn Ugluklettur

Inngangur

Leikskólinn Ugluklettur er þriggja deilda leikskóli sem hóf starfsemi sína 14. ágúst 2007. Í leikskólanum þennan vetur eru 66 börn frá 12 mánaða aldri til sex ára, 37 stelpur og 29 strákar. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45 til 16:30. Sveitarfélagið Borgarbyggð er rekstraraðili leikskólans en málefni hans falla undir fræðslunefnd Borgarbyggðar.

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla (2008), reglugerð um starfsemi leikskóla (1995), aðalnámskrá fyrir leikskóla frá árinu 2011 og lögum um vernd barna og ungmenna (1992).

Leiðarljós

Leikur, virðing og gleði eru einkunnarorð leikskólans.

Í leikskólastarfinu er frjálsa sjálfsprottna leiknum gert hátt undir höfði þar sem hann er í senn náms- og þroskaleið barnsins og kennsluáðferð kennarans. Við leggjum áherslu á að börnin tileinki sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfinu og náttúrunni. Gleði hefur áhrif á líðan okkar og því er mikilvægt að reyna að hafa gaman af því sem við erum að gera hverju sinni og vera ánægð. Gleðin er því grundvallaratriði svo börnin fái notið sín í leikskólanum

Helstu leiðarljós við rekstur leikskólans eru að leita sem besta leiða til að standast fjárhagsáætlun og búa vel að starfsfólki, börnum og foreldrum.



Hlutverk og meginviðfangsefni

- Barnið er megin viðfangsefnið í leikskólanum. Öll börn eiga rétt á að fá notið sín í leikskólanum óháð atgervi og eða kynferði. Leikskólinn er sá staður þar sem barnið fær tækifæri til að þroskast og öðlast nám í gegnum leikinn. Í leikskólanum er stuðst við kenningar um jákvæða sálfræði og eru þar fremstar í flokki kenningar fræðimannsins Mihaly Csikszentmihalyi um flæði. Flæði er ástand þar sem einstaklingurinn er svo niðursokkinn í athöfn að ekkert annað kemst að. Reynslan sjálf er svo gefandi að einstaklingurinn leggur mikið á sig til að öðlast slíka reynslu aftur. Í flæði er mikilvægt að skapa ástand þar sem geta einstaklingsins og kröfur til hans eru í jafnvægi, verkefnið mega hvorki vera of erfið né of létt. Þegar jafnvægi er á milli þessara þátta verður einbeitingin algjör og athöfnin er knúin áfram af innri þörf og vilja. Þannig verður flæðiástandið lærdómsríkt og einstaklingurinn nýtur þess.
- Við leggjum áherslu á að rödd barnanna í skólasamfélaginu fái að heyrast og vinnum eftir lýðræðislegum gildum.
- Vinnum með styrkleikamiðaða nálgun þar sem allir fá að njóta sín með áhuga og gleði að leiðarljósi
- Mikilvægt er að gott samstarf ríki á milli foreldra og starfsfólks sem og trúnaður. Vel upplýstir foreldrar eru gjarnan ánægðir foreldrar svo upplýsingastreymi til þeirra þarf að vera gott.
- Starfsfólkið gegnir lykilatriði í allri starfseminni og er mikilvægt að því líði vel í vinnunni. Gagnkvæmt traust og virðing eru eitt af grundvallaratriðum í samskiptum.



Helstu verkefni á árinu 2020-2021

<i>Verkefni</i>	<i>Markmið</i>	<i>Ávinningur</i>	<i>Umsjón</i>	<i>Áætluð lok</i>
Þróun	Þróun á menningu og starfi Uglukletts	Leikur – virðing - Gleði	Allir	Aldrei
Heilsuleikskóli	Ugluklettur verði áfram heilsueflandi leikskóli og starfi samkvæmt viðmiðum Landlæknisebættisins og heilsueflandi leikskóla	Stuðla að heilsueflingu leikskólasamfélagsins með áherslu á upplýsingaflæði til foreldra.	Elín Kristín	Maí 2021
Skólanámskrá Uglukletts	Kynna sér (drög) að nýrri menntastefnu menntamálaráðuneytisins til 2030	Undirbúningur fyrir nýja skólanámskrá Uglukletts	Kristín	Vor 2021
Réttindaskóli Unicef	Fá viðurkenningu sem réttindaskóli UNICEF	Að dýpka starf í Uglukletti með lýðræði barna að leiðarljósi	Kristín	Desember 2022
Jóga og núvitund	Skerpa og halda áfram með það starf sem hefur verið, ekki síst fyrir þær sakir að börnin kalla á það.	Stuðla að andlegu og líkamlegu hreysti.		



Mat á því sem gert var á skólaárinu 2020-2021

<i>Verkefni</i>	<i>Hvaða verkefni náðu fram að ganga og hvað ekki.</i>	<i>Umbótaskref/næstu skref</i>
Þróun		
Heilsuleikskóli		
Skólanámskrá Uglukletts		
Réttindaskóli Unicef		
jóga og núvitund		

Unnið í september 2020.

Ábyrðamaður: Kristin Gísladóttir leikskólastjóri.